



Varðandi: Aðalsk. - Dalbraut og Þjóðbraut breyting

Málsnúmer: 1701216

Dagsetning: 19. janúar 2017

Almennt

Við breytingu á aðalskipulagi er áskilið að gera skipulagslýsingu. Í skipulagslýsingu kemur fram lýsing á þeim áformum sem breytingar á aðalskipulagi innifela, sem eru í takt við þau áform sem unnið er að í deiliskipulagi fyrir reitinn. Stefnt er að því að í lok auglýsingatíma lýsingar 3. febrúar n.k. verði í kjölfarið haldin opin kynning á þeim skipulagsáformum sem fyrirhuguð eru á reitnum. Í framhaldinu verður auglýst breyting á aðalskipulagi reitsins ásamt því sem deiliskipulag reitsins verður auglýst samhliða.

Fyrirhuguð breyting felst í stækkun miðsvæðis M4 til norðurs og mun svæði með blandaðri landnotkun, S8/V6/A7, minnka að sama skapi. Fyrir liggja drög að deiliskipulagi Dalbrautarreits þar sem nánari grein er gerð fyrir útfærslu svo sem húsagerðum, byggingarmagni, bílastæðum, gönguleiðum og umhverfisfrágangi. Stefnt er að þétti blandaðri byggð þar sem miðbæjarstarfsemi verður á jarðhæð húsa við Þjóðbraut og neðst við Dalbraut. Í öðrum íbúðarhúsum verður möguleiki á starfsemi á jarðhæð, t.d. félagsstarfsemi. Hluti bílastæða verður í bílageymslum undir görðum húsanna. Ný íbúðarhús verða fjögurra til 6 hæða.

Þegar gerð er breyting á **deiliskipulagi** er ekki skyldt að taka saman lýsingu eins og gert er þegar unnið er nýtt deiliskipulag og var því ekki tekin saman lýsing þegar vinna við breytingu deiliskipulagsins hófst. Nú er stefnt að auglýsingu deiliskipulags Dalbrautarreits áður en endurskoðað aðalskipulag fer í kynningu og er aðalskipulagsbreytingin því tekin fram fyrir heildarendurskoðunina. Rétt er því að nýta lýsingu vegna hennar til þess að kynna einnig áform um breytingar á deiliskipulagi á sama svæði.

KYNNING OG SKIPULAGSFERLI

Með framlagningu og kynningu lýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við móturn þessarar aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags áður en gengið verður frá skipulagstillögum og þær auglýstar.

Verkefnalýsing verður einnig kynnt með auglýsingum í blöðum og dreifiritum, á vef Akraneskaupstaðar <http://www.akranes.is/> og verða aðgengileg í þjónustuveri Akraneskaupstaðar að Stillholti 16-18. Á kynningartíma verður almenningi og umsagnaraðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og sjónarmið um fyrirhugaða breytingu. Þær skulu vera skriflegar og berast fyrir 3. febrúar 2017 í þjónustuver Akraneskaupstaðar Stillholti 16-18 eða á netfangið skipulag@akranes.is






Akraneskaupstaður

KYNNING OG AUGLÝSING

Gert er ráð fyrir að tillaga að aðalskipulagsbreytingu og tillaga að deiliskipulagi Dalbrautarreits verði auglýst um miðjan mars 2017 með sex vikna athugasemdafresti í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Gert er ráð fyrir að skipulagsnefnd muni fara yfir innsendar athugasemdir við skipulagstillöguna í byrjun maí 2017 og ganga frá henni til lokafreiðslu bæjarstjórnar. Ef framkomnar athugasemdir gefa tilefni til meiri háttar breytinga eða breytinga á grundvallaratriðum skipulagstillagnanna skulu þær auglýstar að nýju.



Tímaáætlun

Sigurður Páll Harðarson
Sigurður Páll Harðarson

sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

